

Umhverfisstofnun  
Áb. *0A*  
**13 MAI 2004**  
*54.52*  
Tilv. *UST20040100151*  
Umhverfissráðuneyti  
Sigríður Auður Arnardóttir  
Vonarstræti 4  
150 Reykjavík



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

12. maí 2004

Tilvisun: UST20040100151/6á

### **Reykjanesbraut í Hafnarfirði, bráðabirgðalausn.**

Vísað er til erindis Umhverfissráðuneytis, dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna stjórnisýslukæru eigenda húseignarinnar að Einbergi 19 í Hafnarfirði, vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá 24. febrúar sl. um matsskyldu framkvæmda við Reykjanesbraut í Hafnarfirði, bráðabirgðalausn.

#### ***Kröfur kæranda***

Aðalkrafa kæranda er að framkvæmdir skuli settar háðar umhverfismati skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

#### ***Kæruatriði***

Að mati kæranda munu fyrirhugaðar aðgerðir leiða af sér mikla röskun á nýtingu húseignar þeirra og eigna til svo langs tíma að óforsvaranlegt sé annað en að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Við mat á umhverfisáhrifum beri að líta til þess í hvaða tilgangi þessar framkvæmdir séu unnar og hverjar afleiðingarnar verði svo sem stórauðin umferð, mikil viðbótar loftmengun og miklu meiri niður og hávaði en er í dag.

#### ***Niðurstaða Umhverfisstofnunar***

Að mati stofnunarinnar var fjallað á fullnægjandi hátt um umhverfisáhrif þessarar framkvæmdar í fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar hvað varðaði hljóðstig, loftgæði og afrennsli. Í umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu þessarar framkvæmdar kom eftirfarandi fram við ofangreinda þætti:

#### ***Hljóðstig***

Umhverfisstofnun taldi að umfjöllun um hljóðstig í gögnum framkvæmdaraðila væri til fyrirmyndar og lýsti vel núverandi ástandi og líklegum áhrifum frá umferð. Ljóst væri að hávaði fyrir utan allmörg hús umhverfis Reykjanesbrautina og aðlægar götur væru nú yfir mörkum reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða, og aðgerða því þörf. Stofnunin lagði áherslu á að íbúum verði kynnt áhrif fyrirhugaðra framkvæmda, þ.m.t. sjónræn áhrif hljóðvarna og nánari útfærsla yrði gerð í samráði við þá.

Umhverfisstofnun vakti athygli Skipulagsstofnunar á að við mat á hávaða notaðist

framkvæmdaraðili við rauntölur, t.d. við mat á hlutfalli stórra bíla sem fara um vegi þá sem hér er horft til og að Umhverfisstofnun teldi slíkt til eftirbreytni.

#### *Loftmengun*

Umhverfisstofnun taldi ekki að fyrirhugaðar breytingar myndu auka loftmengun umtalsvert frá því sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum fyrri útfærslu Reykjanesbrautar. Stofnunin taldi þó að meiri tafir, t.d. við hringtorg, myndu auka eitthvað á útblástur en þar sem fyrra mat var yfirleitt vel undir viðmiðunarmörkum myndi aukningin ekki valda umtalsverðum áhrifum.

#### *Afrennslisvatn*

Samkvæmt lýsingum framkvæmdaraðila verður öllu ofanvatni af akbrautum Reykjanesbrautar, Fjarðarhrauns og Lækjargötu veitt í settjörn sunnan við Lækjargötu. Umhverfisstofnun gerði ekki athugasemdir við þennan þátt.


Niðurstaða Umhverfisstofnunar var á þann veg að ekki væri líklegt að fyrirhugaðar breytingar á Reykjanesbraut í Hafnarfirði myndu hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin lagði þó áherslu á að fyrirhugaðar hljóðvarnir yrðu hannaðar í samvinnu við viðkomandi íbúa.

Umhverfisstofnun telur að frekari umfjöllun um umhverfisáhrif þessarar framkvæmdar, þ.e. að úrskurða framkvæmdina matsskylda, muni ekki varpa frekara ljósi á umhverfisáhrif hennar hvað varðar ofangreinda þætti. Þau gögn sem lögð voru fram í tilkynningu framkvæmdaraðila lýstu þeim á fullnægjandi máta. Niðurstaða Umhverfisstofnunar um að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum áhrifum stendur því óbreytt.

Sá þáttur sem varðar íbúa svæðisins, auk ofangreindra þátta, eru sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar voru til af framkvæmdaraðila, s.s. hljóðmana. Ljóst er að með því að úrskurða framkvæmdina matsskylda hefði almenningur fengið tækifæri til að gera athugasemdir við þennan þátt framkvæmdarinnar meðan á matsferlinum stæði, en formleg aðkoma almennings að afgreiðslu Skipulagsstofnunar á tilkynningum um matskyldu er engin. Af þessari ástæðu lagði stofnunin áherslu á að íbúum yrði kynnnt áhrif fyrirhugaðra framkvæmda, þ.m.t. sjónræn áhrif hljóðvarna, og að nánari útfærsla yrði gerð í samráði við þá. Skipulagsstofnun tók undir þetta sjónarmið í ákvörðun sinni um matsskyldu þessarar framkvæmdar. Með virku samráði við íbúa svæðisins um fyrirkomulag framkvæmdarinnar, þ.m.t. hljóðmana, ætti að vera tryggt að framkvæmdin valdi ekki umtalsverðum áhrifum á sjónræna þætti.

Með tilliti til ofangreindrar umfjöllunar telur Umhverfisstofnun að framkvæmdir við Reykjanesbraut í Hafnarfirði, s.k. bráðabirgðalausn, sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki matsskyld.

Virðingarfyllst,

  
Olafur Arnason

  
Helgi Jónsson